

Rýnihópur um aðgerðir í menntamálum
Mennta- og menningarmálaráðuneytinu
Sölvhólsgrötu 4, 101 Reykjavík

Sonja Dögg Pálsdóttir
Hjördís Hendriksdóttir
Björk Óttarsdóttir
Svandís Ingimundardóttir
Helgi Grímsson
Haraldur F. Gíslason
Ólafur Loftsson
Guðríður Arnardóttir
Sigrún Grendal
Þorsteinn Sæberg
Birna Svanbjörnsdóttir
Kristín Valsdóttir

Efni: Tillögur um stoðkerfi við starfsþróun.

Í tengslum við vinnu rýnihóps um aðgerðir til að auka nýliðun í kennslu og sporna gegn brotthvarfi úr starfi var óskað eftir því að starfshópur samstarfsráðs kæmi að þeirri vinnu með því að leggja til tillögur um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda sem og tillögu sem snýr beint að þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun í skólum og framtíð þeirrar vinnu að verkefnistímanum loknum.

Eftirfarandi eru tillögur starfshópsins til rýnihópsins um þessi mál. Fyrst er gerð grein fyrir tillögum um stoðkerfi við starfsþróun og því næst tillögu sem snýr beint að þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun í skólum og framtíð þeirrar vinnu að verkefnistímanum loknum.

Tillögur um stoðkerfi við starfsþróun byggja á sameiginlegri sýn aðila samstarfsráðs á starfsþróun, fjölbreytni hennar og órjúfanlegt samhengi við fagmennsku og daglegt skólastarf. Markmið tillagna er að styrkja grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun og umgjörð til að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla, gæði í starfi og skólaþróun:

- ígrundun í starfi, starfendarannsóknir og lærdómssamfélag í daglegu skólastarfi,
- samstarf og samræður innan og milli skóla um starfsþróun og skólaþróun,
- samstarf háskóla og skóla um starfsþróun og skólaþróun og ráðgjöf háskóla við skóla.

Starfshópurinn bendir á að í umræðum hópsins var ákveðið að leggja til tillögur sem varða sérstaklega ofangreindar grunnstoðir og umgjörð þeirra með það fyrir augum að tengja tillögur við þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun í skólum og að bíða með aðrar tillögur sem varða stoðkerfi við starfsþróun þar sem þær þarfnast meiri umræðu og tíma fyrir frekari útfærslu. Hér má meðal annars nefna skipulag og aðstæður sem stuðla að því að starfsþróun og skólaþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins, framboð á starfsþróun í samræmi við þarfir einstaklinga og skóla, skilgreinda fjármuni til skóla vegna afleysinga kennara til að komast frá til að sinna starfsþróun og launuð námsleyfi.

Tillögur um stoðkerfi við starfsþróun

Starfsþróun

Eftirfarandi skilgreining á hugtakinu starfsþróun er grundvöllur sameiginlegs skilnings aðila samstarfsráðs á starfsþróun og stefnuyfirlýsing um starf og áherslur. Hún felur í sér sameiginlega sýn á starfsþróun, fjölbreytni hennar og órjúfanlegt samhengi við fagmennsku og daglegt skólastarf. Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofinn hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, leiðsögn nýliða, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur og skólaheimsóknir. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Aðgengilegt og skilvirkt stoðkerfi við starfsþróun

Brýnt er að viðurkenna nauðsyn stoðkerfis til að styðja við heilðræna sýn á menntun og starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta í skólum alla starfsævina. Skilgreina þarf stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara. Stoðkerfið þarf að taka tillit til mismunandi þarfa og aðstæðna, vera aðgengilegt og stuðla að því að starfsþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins.

Markmið stoðkerfis eru:

- Að skapa góðar aðstæður og möguleika fyrir kennara til fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar alla starfsævina. Hér er vísað til skipulags, tíma, fræðslu og faglegs stuðnings við hæfi og starfshætti sem setja starfsþróun og skólaþróun í brennidepil.
- Að skapa góða aðstæður og möguleika fyrir skóla að hafa með höndum vettvangsnám kennaranema, leiðsögn nýliða og ráðgjöf við aðra starfandi kennara og að bjóða upp á starfsþróun á vinnustað.
- Að styðja við fjölbreytta aðkomu háskóla að starfsþróun kennara og stuðla að nánnum tengslum háskóla og starfsvettvangs.
- Að veita yfirsýn yfir og miðla upplýsingum um fræðslu og stuðning við starfsþróun sem er í boði, svo sem á upplýsingaveitu.
- Að mynda ramma um starfsþróun og fylgja henni eftir.

1. Fræðsla og umræða

Efla þarf fræðslu og umræðu í skólasamfélaginu um grunnstoðir starfsþróunar, faglega forystu skólastjórnenda og kennara og frumkvæði í skólaþróun.

Starfshópurinn bendir á að kynningarhópur samstarfsráðs og stýrihópur um menntun fyrir alla vinna saman að því að undirbúa kynningarstarf og samræðu í skólasamfélaginu um starfsþróun og menntun fyrir alla nemendur í formi myndbanda og smáforrita (appa) um starfsþróun í skólunum og hvernig þeir vinna með menntun fyrir alla nemendur.

Starfshópurinn telur brýnt að settur verði kraftur í að koma þessu á fót en auk þessa er brýnt að útbúa sérstakt kynningar- og fræðsluefni um grunnstoðir starfsþróunar og markmið þeirra og að styðja við samræður í skólunum um grunnstoðir starfsþróunar með því að samstarfsráðið efni til málþinga í skólasamfélaginu um mál og verkefni sem þessu tengjast og með því að leita til kennara og skólastjórnenda um að koma á fót rýnihópum/samræðuhópum á vettvangi um viðfangsefni. Þetta er sjálfbær aðferð sem getur gagnast mörgum.

Leggja þarf áherslu á að tengja málþingin vel við skólana en með því móti fengju þau meiri athygli og meiri hvatning væri fyrir kennara og skólastjórnendur að taka þátt í þeim og að fylgja þeim vel eftir í skólasamfélaginu.

Starfshópurinn leggur til að samstarfsráðinu verði falið að gera tillögur um kynningar- og fræðsluefni um grunnstoðir starfsþróunar, málþing og rýnihópa/samræðuhópa á vettvangi.

Leggja þarf samstarfsráðinu til sérstakar fjárveitingar vegna þessa verkefnis.

2. Sjóðir

Veita þarf auknum fjármunum til Sprotasjóðs og efla hlutverk hans við að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum.

Starfshópurinn telur einnig brýnt að komið verði á fót miðlægum sjóðum fyrir leikskóla annars vegar og tónlistarskóla hins vegar til jafns við Endurmenntunarsjóð grunnskóla og Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara sem leikskólar, tónlistarskólar, sveitarfélög og aðrir aðilar geta sótt um styrki í sem hyggjast standa fyrir símenntun og starfsþróun fyrir kennara og stjórnendur í leikskólum og tónlistarskólum. Brýnt er að leikskólar og tónlistarskólar hafi sambærilegar aðstæður til þessa og grunnskólar og framhaldsskólar.

3. Kennarar og skólastjórnendur

Jafna þarf aðstæður kennara og skólastjórnenda í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum til starfsþróunar. Starfshópurinn bendir á að leikskólakennarar í leikskólum og skólastjórnendur í leikskólum og grunnskólum hafa ekki skilgreindan tíma í ársvinnutíma til starfsþróunar til jafns við kennara í grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum og skólastjórnendur í tónlistarskólum og framhaldsskólum. Mikilvægt er að jafna aðstæður kennara og skólastjórnenda til starfsþróunar en skilgreindur tími til starfsþróunar er grunnatriði í stoðkerfi við starfsþróun.

Bæta þarf aðstæður skólastjórnenda í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum til að vera með kennslufræðilega leiðsögn og faglega forystu í lærdómssamfélagi í daglegu skólastarfi í samræmi við grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun.

Bæta þarf aðstæður kennara í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum til að starfa í samræmi við grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun.

Skilgreina þarf framgang kennara í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum í starfi innan skóla og efla kennara sem faglega leiðtoga í skólastarfi. Meta þarf þátttöku kennara í kjarasamningum við að stýra faglegu samstarfi, þróunarverkefnum, rannsóknum og leiðsögn kennaranema og nýliða.

4. Háskólar

Skilgreina þarf í lögum hlutverk Háskólans á Akureyri, Listaháskóla Íslands og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands í stoðkerfi við menntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda alla starfsævina og skýra þarf fjárhagslegan grunn þessa hlutverks.

Koma þarf á fót miðstöðvum skólaþróunar við ofangreinda háskóla og skýra hlutverk þeirra við menntun og starfsþróun kennara og skólastjórnendur alla starfsævina og efla tengsl háskóla og skóla.

Skýra þarf og styrkja ráðgjafarhlutverk háskóla við starfsþróun og skólaþróun á vettvangi skóla.

Skoða þarf og aðlaga framgangskerfi/vinnumatskerfi innan háskólanna með það fyrir augum að þátttaka háskóla í starfsþróun og skólaþróun á vettvangi skóla sé jafngild rannsóknum og kennslu og

tryggja þarf að akademískir starfsmenn hafi aðstæður til eigin starfsþróunar til að sinna hlutverkum á vettvangi.

Þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun í skólum

Hér er gerð grein fyrir tillögu sem snýr beint að þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun í skólum og framtíð þeirrar vinnu að verkefnistímanum loknum.

Þróunarverkefnið felur í sér að styrkja grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun, þ.e. ígrundun í starfi, starfendarannsóknir, lærdómssamfélag í daglegu skólastarfi, samstarf innan og milli skóla og samstarf og samræður háskóla og skóla og ráðgjöf háskóla við skóla. Markmið þróunarverkefnis er að:

- Styrkja samfellu milli grunnmenntunar kennara og starfsþróunar á vettvangi til að ná markmiðum um menntun og starfsþróun kennara og skólastjórnaenda alla starfsævina.
- Styrkja fagleg tengsl skóla og skólastiga og auka samfellu í skólakerfinu.
- Móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að stuðningi við starfsþróun kennara á vettvangi.
- Móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að innleiðingu á lærdómssamfélagi í daglegu skólastarfi.
- Móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að innleiðingu á niðurstöðum úttekta á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar.
- Móta skipulag sem geti verið fyrirmynd að auknum tengslum háskóla og vettvangs og samstarfi um starfsþróun og lærdómssamfélag.
- Þróa sérstakt matskerfi fyrir mat á þróunarverkefnum sem nýta má áfram í þróunarverkefnum skóla.

Ef vel tekst til með þróunarverkefnið getur það orðið fyrirmynd til framtíðar um skipulag fyrir stoðkerfi við starfsþróun og fyrir matskerfi sem skólar geta nýtt sér til að meta sín þróunarverkefni. Mikilvægt er að matskerfið verði ókeypis fyrir alla skóla.

Brýnt er að nýta reynsluna af verkefninu, mat á því og matskerfi fyrir skóla á þróunarverkefnum sem þeir hafa með höndum til að koma á varanlegu skipulagi fyrir grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun.

Brýnt er að verkefnistíminn verði notaður til að efla fræðslu og samræðu í skólasamfélaginu um grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun og faglega forystu skólustjórnaenda og kennara í skólastarfi og skólaþróun og einnig til að koma öðrum tillögum sem hér eru gerðar um stoðkerfi við starfsþróun í framkvæmd. Móta þarf aðgerðaáætlun með skilgreindum fjármunum með það fyrir augum að haldið verði markvisst áfram eftir að verkefnistíminn er liðinn við að styrkja grunnstoðir stoðkerfis við starfsþróun og við að koma öðrum tillögum um stoðkerfi við starfsþróun í framkvæmd sem samstarfsráðið á eftir að leggja fram.

Starfshópur samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun
Guðni Olgeirsson mennta- og menningarmálaráðuneyti
Þorsteinn Hjartarson Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Baldur Sigurðsson Menntavísindasviði Háskóla Íslands
Aðalheiður Steingrimsdóttir Kennarasambandi Íslands
Hjördís Þorgeirsdóttir Kennarasambandi Íslands
Sigrún Grendal Kennarasambandi Íslands
Ægir Karl Ægisson Kennarasambandi Íslands
Edda Kjartansdóttir aðstoðarskólustjóri Hörðuvallaskóla Kópavogi